

# Doktorsvörn Lilju M. Jónsdóttur

Hvenær hefst þessi viðburður:  
18. janúar 2013 - 13:00 to 15:00  
Staðsetning viðburðar:  
[Stakkahlíð](#)  
Nánari staðsetning:  
Skriða



Föstudaginn 18. janúar kl. 13:00 ver Lilja M. Jónsdóttir, kennslufræðingur, doktorsritgerð sína "Hitching One's Wagon to a Star. Narrative Inquiry into the First Five Years of Teaching in Iceland" [Að eiga sér leiðarstjörnu. Rannsókn á reynslu grunnskólakennara fyrstu fimm árin í kennslu]. Vörnin fer fram í Skriðu, fyrirlestrarsal Menntavísindasviðs Háskóla Íslands við Stakkahlíð. Andmælendur verða dr. Pam Denicolo, prófessor emeritus við háskólann í Reading á Englandi og dr. Eila Estola, prófessor við háskólann í Oulu, Finnlandi. Aðalleiðbeinandi var dr. Hafdís Ingvarsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, en auk hennar sátu í doktorsnefnd dr. Mary Beattie, prófessor emeritus við háskólann í Toronto/OISE, Kanada og dr. Robyn Ewing, prófessor við háskólann í Sydney, Ástralíu. Dr. Jón Torfi Jónasson, forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands mun stjórna athöfninni sem fer fram á ensku.

## Ágrip

Í þessari langtímarannsókn var könnuð sú merking sem grunnskólakennarar leggja í reynslu sína fyrstu fimm árin í kennslu. Eitt meginmarkmiðið var að skapa þekkingu sem varpaði ljósi á hvernig þeir náðu tökum á starfi sínu og hvernig þeir þróuðust sem byrjendur; hvað hindraði og hvað styddi þá. Annað markmið var að athuga hvers konar leiðsögn nýliðar í kennslu þurfa á að halda. Aðferðafræði rannsóknarinnar er narratífa (e. narrative inquiry) og er stuðst við hugmyndir og kenningar kanadísku fræðimannanna Connellys og Clandinin, einkum á

skilgreiningum þeirra á hugtakinu „persónuleg, hagnýt þekking“ (e. Personal Practical Knowledge).

Í ritgerðinni eru sagðar sögur þriggja ungra kennara. Rætt var við þá frá því áður en þeir hófu kennslu og síðan árlega í fimm ár, auk þess sem fylgst var með kennslu þeirra.

Niðurstöður rannsóknarinnar staðfesta að sterk tengsl eru á milli reynslu þátttakendanna af uppvexti og 14 ára skólagöngu, bæði jákvæðrar og neikvæðrar reynslu, og hugmynda þeirra um hvað einkennir góðan kennara og um leið hvers konar kennarar þeir vilja verða. Þessi reynsla mótar öðru fremur þekkingu þeirra á kennarastarfinu og hugsjónir þeirra og sýn á kennslu og skólastarf. Þá varpa niðurstöðurnar ljósi á áhrif kennaramenntunarinnar á hugmyndir þeirra, viðhorf, gildi og afstöðu til skólastarfs og menntunar og á hugmyndir þeirra um hvernig kennarar þeir vildu verða. Loks sýna niðurstöður hvernig hugmyndum þeirra og viðhorfum var ógnað af þeim erfiðleikum sem nýliðarnir stóðu frammi fyrir fyrstu ár sín í kennslu.

Rannsóknin leiðir í ljós hversu mikilvægt það er að veita byrjendum í kennslu mun meiri stuðning en í boði hefur verið hér á landi og í lengri tíma en tíðkast hefur. Rannsóknin varpar einnig margvíslegu ljósi á reynslu hinna ungu kennara fyrstu fimm árin í starfi, allt frá því að vera byrjendur í kennslu og til þess að verða mjög hæfir kennarar fyrir en búast mátti við. Niðurstöður má því nýta með ýmsum hætti í kennaramenntun.

... ..

Lilja M. Jónsdóttir er fædd 25. janúar 1950 í Reykjavík. Hún lauk B.Ed. prófi frá Kennaraháskóla Íslands 1978 og meistaraprófi í kennslufræðum frá háskólanum í Toronto/OISE 1995. Lilja starfaði sem grunnskólakennari við Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskóla Íslands (síðar Æfingaskóli KHÍ og nú Háteigsskóli) nánast samfelld til vors 2003, varð æfingakennari við Kennaraháskóla Íslands haustið 1988, og svo lektor við sama skóla haustið 1999 og gegnir þeirri stöðu enn. Lilja er gift Ingvari Sigurgeirssyni, prófessor við Kennaradeild Háskóla Íslands og eru synir þeirra Ragnar Freyr, gígtarlæknir við háskólasjúkrahúsið í Lundi og Kjartan Þór, M.A. í heimspeki frá Kaupmannahafnarháskóla.

## **Abstract**

This longitudinal research explores the meaning that Icelandic beginning teachers make of their experiences the first five years of teaching. The central aim was to create knowledge that would reveal their process of learning and development; what hindered them and what supported them. Another aim was to examine the various forms of support novice teachers require throughout the early years of teaching. The research methodology is narrative inquiry and it draws heavily on the ideas of the Canadian scholars, Connelly and Clandinin, particularly on their definitions of the term ‘personal practical knowledge’.

This thesis delineates the stories of three participants. They were met with before they started teaching, and then once a year during a period of five years. Additionally, their teaching was observed.

The findings of this research confirm, and substantiate, a strong link between the participants' experiences from their upbringing as well as their 14 years of compulsory and high school schooling, both positive and negative, on the one hand, and their ideas of what constitutes a good teacher, as well as the kind of teachers they set out to become, on the other. Above all, these experiences shape their understanding and knowledge of teaching, and their ideas and views in relation to teaching and schooling. The findings also bring to light the impact of the teacher education on their ideas, views, values, and dispositions regarding teaching, and on the ideas of the kind of teacher they wanted to become. Finally, the findings unveil the ways in which these ideas faced heavy challenges and contradictions as the participants struggled to obtain a grasp of their professions during the early years of teaching.

The study distinctly illustrates the importance of offering novices considerably greater support than has hitherto been available to them, and over a longer period of time than the induction year. The research sheds multifaceted light on the experiences of the young teachers the first five years of teaching, from their positions as novices, to becoming highly effective professionals earlier than expected. The findings thus present themselves as a resource which can be fruitfully utilized in a multitude of ways in teacher education.

.....

Lilja M. Jónsdóttir was born on January 25, 1950 in Reykjavík. She graduated in 1978 with a B.Ed. degree from the Iceland University of Education and with an M.Ed. degree in 1995 from University of Toronto/OISE. Lilja was a teacher in the IUE's Lab School, a grade 1–10 school, now called Háteigsskóli, almost uninterrupted until 2003. She was simultaneously a master teacher (*æfingakennari*) at the IUE from 1988 and became an assistant professor at the university in 1999 and still is. Lilja is married to Ingvar Sigurgeirsson, professor at the University of Iceland, and their sons are Ragnar Freyr, consultant physician in rheumatology at Skånes University Hospital in Lund, Sweden and Kjartan Þór, M.A. in Philosophy from the University of Copenhagen, Denmark.